


Eftirfarandi er súlurit sem sýnir lyfjasölu á Íslandi 1989-2001. Verðmæti er reiknað út frá hámarksverði úr ápóteki með virðisaukaskatti skv. lyfjaverðskrá. Þannig er selt magn árið 1989 margfaldað með verði hvers pakkningar í byrjun árs 1990 o.s.frv. Eina undantekningin frá þessari aðferð er varðandi árið 2001, en þar er notuð sama verðskrá og fyrir árið 2000 eða verðskráin í byrjun árs 2001. Eins og allir vita hefur gengi krónunnar lækkað umtalsvert á yfirstandandi ári og lyfjaverð þar af leiðandi almennt hækkað. Hér er lyfjasala fyrstu 6 mánaða 2001 framreiknuð til heils árs og bætt við 15% til að nálgast hugsanlega réttari lokatölu fyrir árið. Líklega er þetta varlega áætlað því einnig er um magnaukningu að ræða sem nemur um 5%. Enn sem fyrr munar mestu um aukningu á kostnaði vegna tauga og geðlyfja. Útlit er fyrir að hann vaxi um 700 mkr. (25%) Næst koma hjarta- og æðasjúkdómalyf sem vaxa um 370 mkr (29%) og æxlishefjandi lyf um 370 mkr (80%).



## Lyfjanotkun 1989-2001

